

framangreint brot sitt, hæfilega ákveðin 50 króna sekt til rikissjóðs, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Með því að telja verður að kærður hafi einn átt sök á framangreindum árekstri, þannig að varði við lög, ber að áliti réttarins að dæma hann til þess að greiða Hallberg Halldórssyni tjón það er hann hefir beðið við áreksturinn, og með því að kærður hefir eigi mótmælt einstökum liðum framangreindrar skaðabótakröfu Hallbergs, né véfengt að hann hafi í raun og veru beðið það tjón er hann heldur fram, verður skaðabótakrafa þessi tekin til greina að öllu leyti.

Þá ber og að dæma kærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Valdemars Stefánssonar, lögfræðings, er þykja hæfilega ákveðin 30 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 23. marz 1936.

Nr. 66/1935. **Jón Þór Sigtryggsson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Útbúi Landsbanka Íslands, Eskifirði,  
og Kjartani Kristjánssyni**

(Pétur Magnússon).

Ómerking uppboðsgerðar.

*Uppboðsgerð uppboðsréttar Þingeyjarsýslu 22. des. 1934 og eftirfarandi staðfestingargerð aukaréttarins frá 29. maí 1935.*

**Dómur hæstaréttar.**

Með bréfi, dags. 10. júlí 1933, sendi stefnt útbúi Landsbanka Íslands á Eskifirði sýslumanninum í

Pingeyjarsýslu veðskuldabréf, útgefið af áfrýjanda 4. jan. 1924, tryggt með 1. veðrétti í jörðinni Grundarhóli á Hólsfjöllum, og talið upphaflega að upphæð 2000 krónur, en þá að eftirstöðvum 1500 krónur. Æskti stefnt útbú þess, að nefnd jörð yrði seld á opinberu nauðungaruppboði, samkvæmt uppboðsheimild í veðskuldabréfinu, til lúkningar eftirstöðvum bréfsins ásamt vangreiddum vöxtum og kostnaði við uppboðssöluna.

Samkvæmt beiðni þessari var auglýst af uppboðsráðanda Pingeyjarsýslu, að opinbert nauðungaruppboð skyldi fram fara á nefndri jörð hinn 22. des. 1934, er haldið yrði á eigninni sjálfri. Birtist auglýsingin í þeim tölublöðum Lögbirtingablaðsins, sem út komu 22. og 29. nóv. og 6. des. 1934. Á uppboðsdegi var hreppstjórinn í Fjallahreppi mættur á uppboðsstað, „í umboði sýslumannsins í Pingeyjarsýslu“. Hélt hann síðan uppboð á jörðinni með þeim úrslitum, að stefndi Kjartan Kristjánsson á Grundarhóli varð hæstbjóðandi. Bauð hann 3350 krónur og var veitt hamarshögg fyrir það boð. Áfrýjandi, sem var eigandi jarðarinnar, en virðist hafa átt heima á Seyðisfirði, var ekki mættur á uppboðinu og enginn fyrir hans hönd.

Hinn 29. maí 1935 var framangreint uppboð staðfest í aukarétti Pingeyjarsýslu, „svo sem uppboðsráðandi hefði það sjálfur haldið“.

Áfrýjandi hefir nú skotið hingað til réttarins framangreindri uppboðsgerð frá 22. des. 1934, svo og eftirfarandi staðfestingargerð aukaréttarins frá 29. maí 1935. Krefst áfrýjandi þess, að gerðir þessar verði úr gildi felldar af þeim sökum, að eigi hafi liðið 6 vikur frá birtingu fyrstu uppboðsauglýsingar til uppboðsdags, sbr. 1. gr. laga nr. 23 frá 1928.

Svo krefst hann og, að stefnt útbú Landsbankans verði dæmt til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti. Stefndir hafa hins vegar krafizt staðfestingar á hinum áfrýjuðu uppboðs- og staðfestingargerðum, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti.

Veðskuldabréf það, sem fylgdi uppboðsbeiðniinni, og á að hafa að geyma uppboðsheimildina, hefir, að því er séð verður hvorki verið lagt fram á uppboðinu sjálfu né við staðfestingu þess í aukaréttinum. Það hefir ekki heldur fylgt skjölum málsins hingað til réttarins, hvorki í frumriti né eftirriti. Verður því ekki séð, hvort lögmæt uppboðsheimild hefir verið fyrir hendi. En auk þess var, samkvæmt 12. gr. laga nr. 32 frá 1911, óheimilt að fela hreppstjóra, án sérstakrar löggildingar, að halda nauðungaruppboð til lúkningar á skuld, sem fór fram úr 100 krónum. Það verður því þegar af þeirri ástæðu, að telja „nauðungaruppboð“ það sem fram fór á jörðinni Grundarhóli hinn 22. des. 1934, markleysu eina, en af því leiðir, að fella verður úr gildi ex officio hina áfrýjuðu staðfestingargerð aukaréttarins.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefnt útbú Landsbankans að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 120 krónur.

Það athugast, að staðfesting á uppboðsgerð, sem hreppstjóri hefir framkvæmt, á að fara fram í uppboðsrétti, en ekki aukarétti. Svo er það og aðfinnsluvert, að veðskuldabréfið, sem hlaut að vera grundvöllur uppboðsins, skyldi ekki vera lagt fram við staðfestingargerðina.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða staðfestingargerð er úr gildi felld.

Stefnt Útbú Landsbanka Íslands á Eskifirði greiði áfrýjanda, Jóni Þór Sigtryggssyni, 120 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---

---

Miðvikudaginn 25. marz 1936.

Nr. 85/1935. **Eggert Claessen f. h. Fremri-Torfu-  
staðahrepps** (Eggert Claessen)  
gegn

**Ólafi Þorgrímssyni f. h. Geðveikra-  
hælisins á Kleppi**  
(Garðar Þorsteinsson).

Hreppur sýknaður að svo stöddu af kröfu um greiðslu meðlags með geðveikrasjúklingi.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 20. apríl 1935:* Stefnð, hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps f. h. hreppsins greiði stefnandanum, Ólafi Þorgrímssyni f. h. Geðveikra-hælisins á Kleppi kr. 2740.50 með 5% ársvöxtum frá 7. maí 1934 til greiðsludags og kr. 253.30 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Geðveikissjúklingur sá, Sigfríður Ásta Bjarna-dóttir, sem í máli þessu getur, var samkvæmt vottorði læknisins í Miðfjarðarhéraði, dags. 24. sept.